

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Djúpavogshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Djúpavogshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Teigarhorn - fólkvangur og náttúruvætti.*

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 12. apríl 2018 deiliskipulag vegna uppbyggingar í þágu aukinnar ferðamennsku á Teigarhorni. Jörðin er friðlýst náttúruvætti og fólkvangur, og felur deiliskipulagið í sér byggingu þjónustumiðstöðvar, bíla- og rútustæða, dvalar-, gisti- og rannsóknaraðstöðu fyrir vísindamenn, stígakerfis og áningarstaða á jörðinni.

*Bragðavellir - uppbygging ferðaþjónustu á og nærri bæjarstæði.*

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 9. maí 2018 deiliskipulag vegna uppbyggingar ferðaþjónustu á Bragðavöllum. Deiliskipulagið felur í sér byggingu veitinga- og samkomuhúss, bíla- og rútustæða og stígakerfis og afmörkun lóða fyrir gistihús fyrir ferðamenn.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Djúpavogi, 23. ágúst 2018.*

**Gauti Jóhannesson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2018